

Svar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Sigurði Páli Jónssyni um Breiðafjarðarferjuna Baldur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver yrði kostnaðurinn við að fjölga ferðum Breiðafjarðarferjunnar Baldurs í tvær ferðir á dag frá 1. september til 31. maí?

Núverandi áætlun gerir ráð fyrir átta ferðum á viku samkvæmt upplýsingum frá Sæferðum og á heimasíðu.

	Núverandi áætlun	Með fjölgun ferða
Sunnudagur	1	2
Mánudagur	2	2
Þriðjudagur	1	2
Miðvikudagur	1	2
Fimmtudagur	1	2
Föstudagur	2	2
Laugardagur	0	2
Á viku	8	14
Fjölgun:	-	6
Vikur	-	39
Kostnaður á ferð*	-	890.000
Samtals	-	208.260.000

*Kostnaður miðast við siglingarleiðina Stykkishólmur– Brjáns-
lækur–Stykkishólmur með viðkomu í Flatey. Án viðkomu í
Flatey er kostnaður á ferð 855.661 kr. eða í heild 197.730.000
kr. Verð án verðbóta.

Kostnaðarauki við þessa fjölgun ferða næmi um 208 millj. kr. á vetri sé miðað við viðkomu í Flatey en tæpum 198 millj. kr. án viðkomu í Flatey.